

Fréttaskrif - ritun

Skoða með nemendum uppbyggingu fréttarinnar um Ævar með hliðsjón af fréttaspurningunum fimm (Hvað? Hvar? Hvenær? Hvernig? Hvers vegna?).

Hvað gerðist? Ævar Þór Benediktsson rithöfundur hverfur sporlaust.

Hvar sást Ævar síðast? Í Hljómskálagarðinum.

Hvenær hvarf hann? Rétt fyrir klukkan 16:21

Hvernig gerist þetta? Ævar sást hlaupandi og kallandi á hjálp og hefur ekki sést síðan..

Hvers vegna? Það er ekki vitað en fréttin er skrifuð til að biðja fólk um að láta lögregluna vita ef það veit um ferðir hans.

Settu nemendur í hlutverk fréttamanna sem eiga að skrifa stutta frétt í svipuðum stíl. Hvetja þá til að nýta fréttaspurningarnar fimm.

Rosalingarnir - lestur, bókmenntir og lesskilningur

Á námsefnisveitunni 123skoli.is er hægt að nálgast verkefnapakka fyrir Rosalingana:

123skoli.is/product/rosalingarnir-verkefni

Herra Halli er sérkennari sem fer ótroðnar slóðir með nemendur sína. Dag einn hverfur hann og enginn virðist vita hvað varð um hann. Í verkefnapakkanum er unnið með bókmenntahugtök, uppbyggingu sögu og persónusköpun. Umræðupunktur um söguna, lesskilningsvekefni, túlkun og tjáning, upplýsingaleit, ritun og leikræn tjáning.

Hvað er bókasafn? - Umræður og vangaveltur

Textann um bókasöfn er hægt að vinna með áfram og fá nemendur til að gera útekt á sínu skólabókasafni / hverfissafni / bæjarbókasafni.

Hvaða þjónusta er í boði á safninu? Hvaða þjónustu nýta nemendur?

Hvað vildu þeir geta leigt eða fengið lánað á sínu safni sem ekki er í boði nú þegar.

Hvernig væri hægt að útfæra hugmyndina um bókasöfn yfir á aðra þætti samfélagsins? Nú er hægt að fá leigða bíla, rafhlaupahjól og verkfæri svo eitthvað sé nefnt.

Hvað fleira gæti fallið undir slíkt samfélagssafn? (Væri t.d. hægt að leigja sér föt í ákveðinn tíma, leikjatölvur, gæti hver gata fyrir sig sameinast um einhver heimilistæki og/eða leiktæki fyrir börn?)

RITHÖFUNDARANNSÓKNIN

Hugmyndabanki

Ítarefni og útvíkkun á verkefnum fyrir rauða ratleikinn

Nærbuxnaserían - lestur og bókmenntir:

Bókaormaspjall á KrakkaRÚV:

<https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/bokaormaspjall/28340/8e8lq3>

Viðtal við höfundinn í Kiljunni um Nærbuxnanjósningarana þar sem m.a. er rætt um tilurð bókaflokksins, myndirnar í bókunum og læsi barna:

<https://www.ruv.is/frett/bornum-finnst-ekkert-leidinlegt-ad-lesa>

Kynning á bókaflokknum og upplestur úr Nærbuxnavélmenninu:

<https://www.youtube.com/watch?v=5nrXaQFiG7w>

Búkolla - lestur, bókmenntir og skilningur

Upplestur á sögunni um Búkollu er að finna á YouTube:

<https://www.youtube.com/watch?v=16MVdnXn5yl>

Svar á Vísindavefnum við spurningunni um hvort Búkolla sé alíslensk þjóðsaga eða hvort hún eigi sér einhverjar hliðstæður:

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=1523>

Lagið Búkolla með Ladda er að finna á YouTube:

<https://www.youtube.com/watch?v=Gasm37GD8QY>

Það er gaman að rýna í textann, skoða orð og orðasambönd og svo auðvitað syngja með.

Léttlestrabókin ***Þín eigin saga: Búkolla*** eftir Ævar Þór Benediktsson.

Orðspor 1 verkefnabók - nemendur skoða uppbyggingu sögu í gegnum ævintýrið.

<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/ordsp1vb/#64>

Yfirheyrslan - ritun, framsögn og tjáning

Nemendur vinna saman tveir og tveir og semja samtal þar sem einn yfirheyrir annan.

Nemendur ákveða forsöguna og niðurstöður yfirheyrslunnar.

Yfirheyrsluna má svo leiklesa fyrir bekkinn, setja upp sem leikrit eða gera myndband.

Bók - frá upphafi til enda - umræður, sköpun

Umræðupunktur:

- Af öllum þeim sem koma að tilurð bóka, hvaða hlutverki myndu nemendur helst vilja gegna?
- Eiga nemendur bækur sem þeir gætu alls ekki hugsað sér að henda? Hvað gera þeir við bækur sem þeir eru búnir að lesa?
- Hvaða hlutverk hafa bækur og sögur í lífi nemenda? Gætu þeir verið án bóka og sagna? Hvernig geta sögur hjálpað okkur að skilja aðra menningu/önnur samfélög/fólk sem er öðruvísi en maður sjálfur?
- Sumar bækur eru bannaðar, af hverju ætli það sé? Hvernig geta bækur verið hættulegar?

Upplestur:

Möðruvallabók segir (ævi)sögu sína í gegnum aldirnar í bókinni **Bál tímans**. Skruddan sú hefur upplifað margt. Tilvalið að lesa nokkra valda kafla út bókinni og sýna myndir Sigmundar Breiðfjörð Þorgeirssonar.

Bál tímans, innslag í Kiljunni: <https://www.ruv.is/frett/2021/04/22/modruvallabok-a-thvaelingi-um-islandssoguna>

Höfundur segir frá tilurð bókarinnar Bál tímans og les upp úr bókinni:

<https://www.facebook.com/arndisthorarinsdottir/videos/470780650707256/>

Sköpun:

Ýmislegt er hægt að búa til úr gömlum bókum. Hér eru nokkrar hugmyndir að skapandi verkefnum:

Að búa til skraut úr blaðsíðum bóka: <https://www.youtube.com/watch?v=gy605X0ITFw>

Að búa til jólatré úr gamalli bók: https://www.youtube.com/watch?v=y_ghX55C8Cc

Að gera norn úr gamalli bók: https://www.youtube.com/watch?v=R_PCieniutY

Að búa til broddgölt úr gamalli bók: <https://www.youtube.com/watch?v=NUOeyxyjvJQ>

Svo má líka nota blaðsíður úr gömlum bókum til að brjóta saman origami fígúrir.

Nornir - Grúsk

Tilvalið að skoða frekar nornir í sögunni t.d. örlaganornir í norrænni goðafræði, galdrabrennur og nornafár miðalda eða nornir í nútímanum í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.

Um örlaganornirnar: <https://asatru.is/nornir>

Hér er áhugavert svar á Vísindavefnum um nornabrennur:

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=5836>

Hér er grein á Vísi um nornir nútímans: <https://www.visir.is/g/2015887982d>

Djárninn á Myrká - Heildstætt verkefni

Skapandi skilaverkefni sem tengist sögunni um Djárninn á Myrká:

Nemendur hlusta á söguna (kennari getur lesið söguna upp fyrir nemendur eða bekkurinn hlustar saman á upplestur af YouTube: <https://www.youtube.com/watch?v=9mrXG9b3jbM>).

Nemendur eiga síðan að skila af sér skapandi verkefni og túlka söguna um Djárninn á Myrká á sinn hátt. Sem kveikju að hugmyndum er hægt að benda nemendum á:

- Teiknimynd frá árinu 1993 eftir Jón Axel Egilsson. Hefst á stuttum inngangi um sögur og söguarfinn en svo er sagan um djárninn sögð í myndum (ekki orðum), alls 25 mínútur.

<https://www.youtube.com/watch?v=WkH48ILGRoE>

- Lagið Garún með Mannakornum: https://www.youtube.com/watch?v=yg9m4RW_y60

- Ýmsar myndir og málverk þar sem sagan hefur verið innblástur fyrir listamenn (má finna á netinu).

Drauga-Dísa - bókmenntir

Upplestur Gunnars Theodórs á Drauma-Dísu: <https://www.youtube.com/watch?v=uV9fN3wYL7s>

Spjall KrakkaRÚV við Gunnar: <https://www.ruv.is/krakkaruv/spila/krakkakiljan/29832/8sg04s>

Svar á Vísindavefnum um hvort einhverjar sannanir séu til um tilvist drauga:

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=513>

Urmull af draugasögum er að finna í þjóðsögunum: <https://www.snerpa.is/net/thjod/draug.htm>

Hægt er að brjóta saman drauga í origami: <https://www.youtube.com/watch?v=9oYCn3h07ok>

Vampírur - bókmenntir:

Upplestur úr bókinni Vampírur, vesen og annað tilfallandi. Höfundur Rut Guðnadóttir les:

<https://www.youtube.com/watch?v=Bsp6sCUV8jY>

Spjall KrakkaRÚV við Rut um bókina: <https://www.ruv.is/krakkaruv/spila/krakkakiljan/29832/8sg055>

Heildstætt verkefni um **Drakúla** greifa: <https://123skoli.is/product/drakula-greifii2>

Upplýsingaleit og lesskilningsæfing, stafsetningarþjáflun, ritun, framsögn og tjáning.

Einfaldar leiðbeiningar til að búa til vampírutennur í origami: <https://www.youtube.com/watch?v=GhEZp8jyYJs>